



Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra 2011

Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri

Starfsskýrsla HNV 2011

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra var á árinu 2011 starfrækt á vegum sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra frá og með Fjallabyggð í austri og vestur til Bæjarhrepps á Ströndum.

Starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra stækkaði í byrjun ársins og nær nú til Fjallabyggðar allrar og þar með Ólafsfjarðar. Það hefur verið áhugavert fyrir starfsmenn eftirlitsins að fá að kynnast fyrirtækjum á Ólafsfirði. Við eftirlit í Fjallabyggð hefur Heilbrigðiseftirlitið notið góðrar aðstoðar og vinnu frá umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins Vals Þórs Hilmarssonar.

Verkefni Heilbrigðiseftirlitsins voru með svipuðu sniði á árinu 2011 og á fyrri árum og undir yfirstjórn tveggja ráðuneyta, umhverfisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir þættir sem lúta yfirstjórn umhverfisráðuneytisins eru einkum á sviði umhverfismála, hollustuhátta og öryggismála. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn matvælaþáttarins. Tvær ríkisstofnanir hafa yfirumsjón með samræmingu heilbrigðiseftirlitsins og er það annars vegar Umhverfisstofnun (UST) sem heyrir undir umhverfisráðherra og hins vegar Matvælastofnun (MAST) sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Framangreint skipulag hefur verið við lýði frá árinu 2008 þegar matvælasvið Umhverfisstofnunar var sameinað með ýmsum öðrum stofnunum inn í Matvælastofnun.

Á síðustu árum hefur það færst í aukana að umræddar stofnanir hafi ásælt verkefni sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefur haft með höndum. Fyrir nokkru var matvælaeftirlit með mjólkurstöðvum flutt frá heilbrigðiseftirlitinu og til Matvælastofnunar. Engar málefnalegar ástæður voru gefnar fyrir því að matvælaþáttur eftirlitsins var fluttur frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra og er því nú sinnt úr öðru landshorni af eftirlitsmönnum MAST. Heilbrigðiseftirlitið sinnir eftir sem áður eftirliti með mengun frá mjólkurstöðvum þannig að breytingarnar hafa leitt af sér að eftirlit með mjólkurstöðvum er margskiptara en áður. Það er ljóst að frá því að MAST tók við eftirlitinu hefur mjög dregið úr tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun tilkynnti einhliða skömmu fyrir áramót að eftirliti sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur haft með sorpurðunarstöðvum yrði framvegis sinnt af sérfræðingum sem kæmu alla leið úr Reykjavík. Enginn rökstuðningur fylgdi umræddri breytingu, en það hefur orðið gífurleg framþróun í úrgangsmálum á Norðurlandi vestra hvað varðar flokkun, endurvinnslu og urðun úrgangs. Nýr urðunarstaður, Stekkjarvík, sem er norðan Blönduóss var tekinn í gagnið í lok árs 2010. Urðunarstöðunum á Blönduósi og við Skagaströnd var í framhaldinu lokað. Mikil endurvinnsla og flokkun fer fram víða á Norðurlandi vestra. Lífrænn úrgangur er nýttur sem hráefni til kítósanframleiðslu og loðdýrafóðurs, en árið 2011 var sláturúrgangur enn urðaður á Sauðárkróki og á Hvammstanga, en lífrænt heimilissorp flutt til Akureyrar í moltugerð. Málaflókkurinn hefur því verið í mikilli framþróun og fátt ef nokkuð sem skýrir flutning eftirlitsverkefna frá sveitarfélögum til ríkisstofnana. Einna helst má geta sér til að ríkisstofnanirnar séu að bæta sér upp þrengri fjárhag í kjölfar niðurskurðar ríkisins með því að sækja sér aukin verkefni og tekjur.

Um árabíl hefur það verið stefna stjórnvalda í orði að flytja verkefni frá ríki og til sveitarfélaga þannig að ákvörðun um áherslur og skipulag þjónustu sé í nánú samstarfi og samvinnu við íbúa viðkomandi sveitarfélags. Stefnan hefur miðað við að skipan verkefna verði meira í líkingu við það sem gerist á öðrum Norðurlöndum.

Ákvarðanir eru þá í höndum þeirra sem þekkja vel til staðbundinna aðstæðna í stað miðstýrðar ákvarðanatöku. Staðarþekking heilbrigðisnefnda sveitarfélaga nýtist við sveigjanlega og markvissari ákvarðanatöku í stað algerrar miðstýringar þeirra sem ekki eru öllum hnútum kunnugir.

Miðstýringin stríðir gegn inntaki Staðardagskrár 21 (Local Agenda 21) en rauði þráðurinn í stefnunni gengur út á að virkja almenning og nærsamfélagið til siðferðislegrar umhverfisvitundar og virkrar þátttöku í umhverfismálum. Bein ábyrgð á eftirliti og eftirfylgni heilbrigðisnefnda er því eina rökrétt leiðin út frá þeirri stefnumótun stjórnvalda sem unnið er út frá. Í stað þess að miða að því að toga verkefni frá heilbrigðisnefundunum þá væri nærtækara að Umhverfisstofnun veitti aðstoð, aðhald og sérfræðiþekkingu við úrvinnslu flókinna verkefna.

Sigurjón Þórðarson situr í stjórn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða, SHÍ, sem er málsvari og tengiliður heilbrigðiseftirlitssvæðanna í málum sem varða heilbrigðiseftirlit í landinu. SHÍ er m.a. í samskiptum við Samband íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyti og stofnanir ríkisins s.s. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. SHÍ beitir sér fyrir samræmdum viðmiðum og vinnubrögðum heilbrigðiseftirlitssvæðanna t.d. er varðar gjaldskrár og gildistíma starfsleyfa. Heilbrigðiseftirlitið tók þátt í könnun um öryggi og hreinlæti á sundstöðum og einnig um öryggismál og aðbúnað á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Afrakstur þessarar vinnu má sjá á vef Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

Heilbrigðisnefnd

Í lögunum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, er í 11. gr. ákvæði um heilbrigðisnefndir: „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnunum, þar af skal einn vera formaður ...“ Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina til viðbótar.

Árið 2011 voru haldnir átta stjórnarfundir. Á árinu voru samþykkt 96 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra sem er talsvert meiri fjöldi en á árinu 2010.

Breytingar urðu á skipan fulltrúa Austur Húnavetninga í Heilbrigðisnefndinni en Valgerður Gísladóttir flutti úr héraðinu um mitt ár og tók varamaður hennar Halldór Ólafsson sæti hennar tímabundið í nefndinni. Nýr aðalfulltrúi Austur Húnavetninga Valgarður Hilmarsson tók sæti í nefndinni um haustið. Ekki urðu teljandi breytingar á starfsmannamálum Heilbrigðiseftirlitsins á árinu en hjá embættinu eru rúmar 2 stöður heilbrigðisfulltrúa og gegndu þeim Sigríður Hjaltadóttir og Steinunn Hjartadóttir í hlutastörfum og Sigurjón Þórðarson í fullu starfi. Valur Þór Hilmarsson hefur síðan tekið að sér verkefnavinnu í Fjallabyggð á vegum Heilbrigðiseftirlitsins.

Nefndina skipa:

Arnrún Halla Arnórsdóttir, Skagafirði, formaður.

Elín Þorsteinsdóttir, Fjallabyggð, meðstjórnandi.

Guðrún Helgadóttir, Skagafirði, varaformaður.

Ína Ársælsdóttir, Húnaþingi vestra, ritari.

Steinar Svavarsson, fulltrúi atvinnurekenda.

Valgarður Hilmarsson, vararitari, Blönduósi./Valgerður Gísladóttir, Blönduósi.

Rekstur Heilbrigðiseftirlitsins gekk þokkalega á árinu 2011 og var reksturinn réttu megin við strikið. Rekstrarafgangur á árinu 2011 var 713 þús. kr. og nam eigið fé um 580 þús. kr..

Hefðbundin verkefni Heilbrigðiseftirlitsins eru að stórum hluta í föstum skorðum sem felast m.a. í því að heimsækja starfsleyfisskylda starfsemi og halda skrá yfir fjölmarga þætti, einnig að taka sýni til þess að sannreyna að t.d. neysluvatn uppfylli kröfur reglugerða. Fyrir utan framangreinda þætti sem eru í föstum skorðum, koma inn á borð Heilbrigðiseftirlitsins fjölmörg verkefni, sem sum hver koma í ákveðnum bylgjum, sem stjórnast stundum af því sem efst er á baugi hverju sinni.

Árið 2011 var ár muffinsmálsins í heilbrigðiseftirliti á landsvísu en mikil umræða spannst um það fortakslausa bann við að selja heimaunnin matvæli. Reglum sem eftirlitsaðilum bar skylda til að framfylgja heimila einungis sölu á matvælum frá fyrirtækjum sem hafa gilt starfsleyfi.

Upphaf sumra þeirra mála sem rötudu í fjölmiðla og sögðu frá afskiptum heilbrigðiseftirlitsins, mátti rekja til þess að atvinnurekendur sem stunduðu löglega starfsemi og greiddu alla skatta og skyldur, fannst sem að heimavinnsla matvæla væri orðin heldur stórtæk.

Stjórnámálmenn blönduðu sér í umræðuna eins og oft áður um að greiða yrði leið fyrir sölu heimaunninna matvæla til neytenda. Gjarnan hefur í því sambandi verið talað um að aukin heimavinnsla matvæla sé einn af vaxtarsprotum dreifbýlisins sem muni m.a. styðja við bakið á ferðaþjónustu og gera hana fjölbreyttari. Stundum fylgdi með að hnjóðað væri í eftirlitið og látið að því liggja að eftirlitsiðnaðurinn væri að leggja stein í götu góðgerðarmála. Of oft var hlaupið yfir þá staðreynd að samviskusamir eftirlitsmenn væru framfylgja þeim reglum stjórnámálmenn höfðu sett.

Umræðan var ekki ný á nálinni heldur hefur staðið yfir um árabíl en þrátt fyrir mikil ræðuhöld og fyrirheit þá hafa ekki orðið teljandi breytingar á reglum eða leiðbeiningum sem snúa að því hvaða umgjörð eigi að setja um heimavinnslu matvæla og beint frá býli. Umræðan bar þann ávöxt að tvö frumvörp litu dagsins ljós á Alþingi sem opna á sölu á heimabakstri sem síðan á eftir að setja reglur um.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra hefur verið fylgjandi ákveðinni tilslökun þ.e. ef dreifing matvælna verði takmörkuð við svæði og tímabil og að neytendur verði að fullu upplýstir um að um heimaunnin matvæli sé að ræða. Ef svo er, þá er vart um ríka almanna hagsmuni að ræða með því að banna algerlega sölu á heimunnum matvælum, en í stað þess verði neytandanum í sjálfvald sett að taka áhættuna af því að kaupa og neyta matvælna.

Mengun

Heilbrigðiseftirlitið veitir mengandi atvinnustarfsemi leyfi og setur fyrirtækjunum starfsleyfisskilyrði og mótar með því umgjörð um starfshætti. Í þessu ferli vegast á ýmis sjónarmið sem taka verður tillit til s.s. atvinnufrelsisákvæði annars vegar og sjónarmið umhverfisins og nágranna hins vegar. Það sem einn sér sem járnadrasl sér annar sem mikil verðmæti og sama á við nef manna að það sem einum finnst vera ýldulykt kann annar að greina sem indælan angur af skreið.

Yfirleitt er þokkaleg sátt um þann starfsleyfisramma sem heilbrigðiseftirlitið setur fyrirtækjum og sömuleiðis er ríkur vilji hjá fyrirtækjum að halda sig innan rammans þó svo vissulega þurfi að ýta við hlutum. Útgáfa starfsleyfis eins fyrirtækis, Sláturhúss KVH, var kærð til Umhverfissráðuneytisins. Frá sjónarhóli Heilbrigðiseftirlitsins er það hið besta mál að þeir sem eru ósáttir eða telja hættu á að gengið verði á hlut sinn, láti reyna á úrskurð æðra stjórnvalds við útgáfu starfsleyfis. Ekki kom til að ráðuneytið þyrfti að úrskurða í

framangreindu máli, þar sem að í kjölfar kærunnar, voru álitamál skýrð og ákveðnum misskilningi eytt sem uppi var í málin. Málalýktir voru þær að kærán var dregin til baka.

Talsvert var kvartað yfir lykt af ýmsum toga m.a. ammóníaki, bensínlykt, lykt af rotnandi rækjuskel, lykt frá fiskþurrkun, og kjötreykingu. Sumum málum náðist að ljúka en önnur eru enn í vinnslu. Lyktarmál geta verið snúin m.a. vegna þess sem hér að framan er greint um mismunandi smekk og þol fólks. Ekki einfaldar það vinnu eftirlitsins að erfitt getur verið að setja einhvern metil á vonda lykt en hún er ekki mæld með góðu móti í kg eða metrum. Hætt er við að hún gjósi upp tímabundið og verði óþolandi, þegar verið er að vinna ákveðin verk t.d. tæma ílát sem geymt hafa rækjuhrat sem hitnað hefur í. Í ákveðnu vindáttum getur lykt sem öllu jafna væri þolandi orðið óþolandi.

Oft má ná miklum árangri með breyttum starfsháttum m.a. að tryggja ferskleika hráefnis og þríf áður en farið er í að bæta við mengunarvarnbúnað s.s. með þvottakerfum og hækkun á skorsteini.

Kvartanir berast af og til af því að framleiðsluúrgangur s.s. rækjuhrat eða brák frá ýmissi starfsemi berist út í viðtaka. Vissulega má bæta ástandið víða en ábyrgðin á aðfinnsluverðu ástandi getur verið skipt þar sem að fyrirtækin hleypa fráveituvatni út í fráveitukerfi sveitarfélaga. Dæmi eru um að hreinsun fyrirtækja geti verði vel viðunandi en fráveituvatni sé enn veitt út á hafnarsvæði sem leiðir til þess að tiltölulega lítil mengun verður ólíðandi.

Heilbrigðiseftirlitið tekur á tveggja ára fresti saman skýrslu um ástand fráveitumála og unnið er með að leiðarljósi að plaggið sé lifandi og þar sem saman safnað gögnum með aðstoð tæknimanna sveitarfélaga um ástand fráveitna á Norðurlandi vestra. Eitt af þeim verkefnum sem þarf að fara í eru rannsóknir á áhrifum mengunar fráveitu á viðtakann. Heilbrigðiseftirlitið fór í slíka rannsókn um síðustu aldamót, ásamt Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Náttúrustofu Vestfjarða. Niðurstaða þeirrar vinnu var að neikvæð áhrif fráveitu frá minni sveitarfélögum við sjávarsíðuna á lífríkið, væru ekki teljandi. Niðurstöðurnar rannsóknarinnar hafa nýst sveitarfélögum.

Nú er tímabært að fara á ný í sambærilega rannsókn á Norðurlandi vestra sem taki mið af fyrri rannsókn og að hún verði einnig í samráði við tæknideildir sveitarfélaganna þannig að hægt verði að leita svara við spurningum sem geta nýst við hönnun og endurbætur núverandi fráveita.

Rannsóknarniðurstöður sýna fyrir árið 2011

	Alls:	Í lagi	Ófullnægjandi
Neysluvatn	126	118	8
Baðvatn	10	9	1
Mjólk og mjólkurvörur	9	7	2
Frárennsli	17		Ekki metið

Matvælaeftirlit

Umfang eftirlits með neysluvatni er umtalsvert hjá Heilbrigðiseftirlitinu enda eru vatnsveitur fjölmargar, sem þarf að fylgjast með og sömuleiðis er umtalsverð matvælaframleiðsla á Ólafsfirði, Siglufirði, Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga sem krefst staðfestingar og vottunar á að vatnsveitur uppfylli skilyrði reglugerða og sömuleiðis erlendra kaupenda.

Ástand matvælafyrirtækja er almennt gott og felst eftirlitið m.a. í því að halda uppi fræðslu fyrir starfsfólk og yfirfara innra eftirlit og að þrifaáætlun sé framfylgt. Á árinu 2011 voru haldnir nokkrir fræðslufundir inni í fyrirtækjum fyrir starfsfólk og er það mat Heilbrigðiseftirlitsins að fræðslan skili miklum árangri í að bæta öryggi og gæði matvæla. Eftirlit og sjáanleiki þess skiptir verulega miklu máli fyrir matvælaöryggi. Sama á ekki síður við um almenna fræðsla um meðferð matvæla og sömuleiðis um markvissa fræðsla til þeirra sem eru að hefja störf í matvælafyrirtækjum. Almenn menntun starfsfólks um áhættuþætti og viðurkennt gott verklag skiptir afar miklu máli til að auka gæði og öryggi matvæla. Víða í skólakerfinu er boðið upp á gott nám og sömuleiðis námskeið en engu að síður er það staðreynd að fólk getur hafið störf og starfað jafnvel sem yfirmenn um árabíl í matvælafyrirtækjum án þess að kunna skil á grunnþáttum sem snúa að öryggi matvæla.

Efnavörueftirlit

Steinunn Hjartardóttir, heilbrigðisfulltrúi hefur haft umsjón með efnavörueftirlitinu á Norðurlandi vestra.

Hún tók þátt í starfi efnavöruhóps UST og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga en starf hópsins var öflugt á árinu 2011. Á árinu var komið upp veggátt fyrir efnavörueftirlit, efnanotkun könnuð á bílaþvottastöðvum og farið í efnavörueftirlit í tvær verslanir og nú er í gangi könnun á merkingum efnavara í matvöruverslunum. Notkun á nýrri handbók um efnavörueftirlit hófst í vetur og hefur hún veitt heilbrigðisfulltrúum stuðning í starfi þeirra. Með samræmdu eftirliti er tryggt að jafnræði gildi á markaði. Afurð verkefnisins var handbók um efnavörueftirlit sem var gefin út á rafrænu formi í lok árs 2010 og veggátt fyrir gagnaskil sem var tekin í notkun í febrúar 2011.

Markmiðið með veggáttinni var að búa til upplýsingaveitu um efnavörueftirlit og safna þar á einn stað upplýsingum um eftirlit með efnavörum á Íslandi. Þar skrá nú heilbrigðisfulltrúar og starfsfólk UST í efnavörueftirliti upplýsingar um niðurstöður efnavörueftirlits í gagnabanka, bæði úr reglubundnu eftirliti og í sérstökum átaksverkefnum. Veggáttin er einnig lokaður samskiptavettvangur fyrir eftirlitsaðila og þar er hægt að nálgast upplýsingar um eftirlit frá öðrum HES-svæðum. Gagnabankinn nýtist síðan Umhverfisstofnun við að taka saman upplýsingar um eftirlit með efnavörum sem senda skal til ESA.

Hinn árlegi samnorræni fundur eftirlitsaðila með efnavörum fór fram í Stokkhólmi 5.-6. maí 2011. Þátttakendur voru frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Fjórir meðlimir efnavöruhóps tóku þátt, Árni Davíðsson (Kjós), Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir (UST), Níels B. Jónsson (UST) og Steinunn Hjartardóttir (HNV). Allir þátttakendur frá Íslandi voru með kynningu á fundinum; Níels um starf efnavöruhóps, Bergþóra um nýja veggátt og eftirlitshandbók og Steinunn og Árni um túlkun á regluverkinu um merkingar á naglalakkseyði.



Steinunn Hjartardóttir (HNV), Níels B. Jónsson(UST) og Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir (UST)

Hollustuháttaeftirlit

Undir hollustuháttaeftirlit fellur m.a. eftirlit með öryggismálum í skólum, athugun á ástandi íbúða vegna sveppagróðurs og raka, almenn þrif og sóttthreinsun sundlaugavatns, fótaaðgerða- og tannlæknastofa, ástand stofnana sem almenningur sækir þjónustu til og heilbrigðisstofnana.

Talsvert er um að fólk óski eftir skoðun á lélegum íbúðum og sömuleiðis fá ráð símleiðis um hvernig eigi að fást við sveppagróður í húsnæði. Ýmis mál geta blandast inn í húsaskoðanir önnur en heilsufarssjónarmið sem eru Heilbrigðiseftirlitinu óviðkomandi. Má þar nefna uppgjör á milli leigusala og leigjenda og úthlutun á íbúðum.

Sigríður Hjaltadóttir heilbrigðisfulltrúi tók þátt í samræmingarstarfi á landsvísu með hollustuháttahöpi á vegum heilbrigðiseftirlita sveitarfarfélaga og UST. Meðal verkefna á árinu 2011 var úttekt á sóttthreinsun áhalda og tækja á heilbrigðisstofnunum, tannlæknastofum, snyrtistofum og tattústofum. Hópurinn tók einnig saman skýrslu um öryggismál aldraðra, en hana má finna á vef Umhverfisstofnunnar

Sundlaugar

Á Norðurlandi vestra er fjöldi sundlauga, alls 16 sund- og baðstaðir. Heilbrigðiseftirlitið heimsækir þá alla reglulega, tekur út hreinlætismál, fer yfir innra eftirlit og veitir sömuleiðis starfsfólki fræðslu.

Það er ljóst að miklu máli skiptir að starfsfólk sé vel heima og þjálfað í þeim mikilvægu störfum sem fylgja gæslu og umsjón með sundstöðum. Ný reglugerð tók gildi í upphafi árs 2011 sem lagði auknar kröfur á þá sem reka sundstaði. Reglugerðin jók kröfur um merkingar, mönnun, þjálfun og fræðslu um hreinlætis- og hollustuháttamál á sundstöðum og hækkaði aldursmörk barna sem geta sótt sundlaugar án þess að vera í fylgd með forráðamönnum. Nýja reglugerðin hefur gert kröfur um að a.m.k. tveir starfsmenn séu á vakt í einu í sundlaugum og hefur ákveðið verið mjög íþyngjandi fyrir litlar laugar þar sem sundlaugargestir eru fáir. Sótt hefur verið um undanþágu frá ákvæðinu til umhverfisráðuneytisins frá því að reglugerðin tók gildi. Ef til vill má setja meiri sveigjanleika í reglugerðina og gera þannig minni sundstöðum keift að hafa einungis einn á vakt en hækka þá í staðinn enn frekar aldursmark barna sem mega fara án fylgdar forráðamanns.

Sundstaðirnir á Norðurlandi vestra eru mjög misjafnir og fjölbreytileikinn er enn meiri á landsvísu. Mikill munur er á litlum sundstöðum, s.s. á Skagaströnd og Ketilási annars vegar og hins vegar á laugum sem hafa mörg ker, potta, eimböð og stórar rennibrautir líkt og á Blönduósi og Ólafsfirði. Stærri laugar landsins eru síðan orðnar meira í ætt við skemmtigarð með risarenni- og þrautabrautum. Fjölbreytileikinn kallar á ákveðinn sveigjaleikna og reynir á eftirlitið þar sem taka þarf afstöðu til þess hvort ýmis hönnun mannvirkja sé fullnægjandi út frá öryggissjónarmiðum gesta, en Vinnueftirlitið hefur eftirlit með t.d. með rennibrautum í sundlaugum

Á sumrin kemur til starfa í sundlaugunum fjöldi af ungu fólki til afleysinga, en þá fer saman aukinn fjöldi gesta og sólríkt veður sem eyðir virkum klór sem notaður er til sóttthreinsunar. Það er því afar mikilvægt að fólk sem kemur til afleysingastarfa í sundlaugum fái góða leiðsögn og fræðslu um hollustuhætti, þar á meðal mikilvægi þess að skráning á þáttum, s.s. íblöndun klórs, sé framkvæmd og að sjá til þess að sundlaugargestir baði sig áður en gengið er til laugar. Reynsla síðustu ára á Norðurlandi vestra sýnir að ekki megi sofna á verðinum þegar

komið er að sótthreinsun sundlaugarvatns en upp kom rökstuddur grunur um að of lítil klóríblöndun hefði valdið sýkingu í húð gesta. Fjölmargir sjúkdómar og kvillar geta smitast í sundlaugum ef misbrestur verður á sótthreinsun og þrifum í sundlaugum.



Sundlaugin Blönduósi

Lokaorð

Almennt bregðast forráðamenn fyrirtækja og stofnana á Norðurlandi vestra fljótt og vel við athugasemdum Heilbrigðiseftirlitsins. Mér er ljúft að þakka fyrir þær góðu móttökur sem heilbrigisfulltrúar fá í heimsóknnum sínum og samstarf við sveitarstjórnir á Norðurlandi vestra.

Mái 2011,
Sigurjón Þórðarson
framkvæmdastjóri